

Í henni átti að vera 390.000 kr. innstæða. Einnig saknaði hann armbandsúrs og lyklakippu.

Einar Sverrir skýrir svo frá, að hann hafi af greiðasemi leyst út 390.000 kr. úr bankabók fyrir Val og afhent honum peningana að Sighvati Andræssyni ásjáandi. Sighvatur ber það hins vegar, að hann hafi sjálfur móttakið 180.000 kr. af fjárhæðinni, sem Einar Sverrir tók út. Sighvatur segir, að þessi fjárhæð hafi átt að vera framlag Vals til fyrirhugaðs útgerðarfyrirtækis, sem hann hefði samþykkt að ganga í. Peningunum kveðst Sighvatur hafa eytt í áfengi og mat. Hann segist ekki vita, hvað Einar Sverrir gerði við afganginn af peningunum.

Ofangreind mál eru á frumstigi rannsóknar. Koma verður í veg fyrir, að kærði, Einar Sverrir Einarsson, hafi tækifæri til að hafa samband við vitni og hugsanlega samseka, á meðan rannsóknin fer fram. Ber því með tilvísun til 1. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74/1974 að úrskurða kærða í gæsluvarðhald, enda eru ákvæði 65. gr. stjórnarskrárinnar því ekki til fyrirstöðu, þar sem hann er sakaður um háttsemi, sem mundi varða hann fangelsisrefsingu.

Ákveðst tíminn allt að 30 dögum.

Úrskurðarorð:

Kærði, Einar Sverrir Einarsson, skal sæta gæsluvarðhaldi í allt að 30 dögum.

Mánudaginn 14. mars 1977.

Nr. 45/1977. Ákærvaldið

gegn

Braga Ólafssyni.

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Ármann Snævarr og Logi Einarsson.

Varnaraðili hefur skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar samkvæmt heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 með kæru 8. mars 1977, sem barst Hæstarétti 9. s. m. Hann krefst

þess, að úrskurðurinn verði felldur úr gildi. Til vara krefst hann þess, að gæsluvarðhaldstími hans verði stytur verulega. Í báðum tilvikum krefst hann kærumálskostnaðar.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur í þessum þætti málsins.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 7. mars 1977.

Ár 1977, mánudaginn 7. mars, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem haldið er í fangelsinu í Síðumúla af Ingibjörgu Benediktsdóttur fulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

Málsatvik eru þau, að sunnudaginn 23. janúar sl. var rannsóknarlögreglunni í Reykjavík tilkynnt, að innbrot hefði verið framið í vörugæmslu Hafskips h/f við Eiðsgranda og þaðan verið stolið 31 kassa af erlendum bjór. Síðar kom í ljós, að einnig hafði 8 brauðristum verið stolið í sama innbroti.

Fjórir menn hafa nú verið úrskurðaðir í gæsluvarðhald vegna máls þessa. Tveir þeirra, Lárus Ingi Kristjánsson og Ólafur Guðjón Friðfinnsson, hafa játað að hafa verið þarna að verki ásamt Jóni Magnússyni og Val Bragasyni, syni kærða. Tveir síðastnefndu hafa alfarið neitað að hafa átt nokkurn þátt í innbrotinu.

Lárus Ingi hefur borið, að hann og Jón Magnússon hafi orðið viðskila við þá Ólaf og Val eftir innbrotið og hafi hann (Lárus Ingi) og Jón tekið 3 bjórkassa og borið einn þeirra heim, en skilið hina eftir úti í móa við vöruskemmurnar. Er þeir Jón síðar um nóttina hafi ætlað að sækja kassana, sem þeir skildu eftir, hafi hann séð bifreið, hvíta að lit, bakka að skemmunni, en ekki hafi hann greint, hverjir voru þarna á ferð. Framburður þessi er í aðalatriðum í samræmi við framburð Ólafs Guðjóns. Enn fremur hefur Ólafur Guðjón borið, að eftir að þeir Valur urðu viðskila við Lárus og Jón, hafi þeir Valur haft samband við kærða, Braga, í þeim tilgangi að biðja kærða að aka þýfinu af innbrotstað. Hafi kærði fallist á það og komið að vöruskemmunni í bifreið sinni, hvítum fólksbíl. Kærði hafi ekið um 30 kössum af bjór á brott í tveim ferðum og síðar hafi kærði greitt þeim Val í peningum þeirra hluta þýfisins.

Kærði neitar að vera á nokkurn hátt viðriðinn ofangreint innbrot.

Rannsókn máls þessa er ekki lokið, og mestur hluti þýfisins hefur enn ekki komið í leitirnar. Með hliðsjón af framansögðu og vísan til 1. tl. 67. gr. laga nr. 74/1974 þykir rétt, svo kærði með óskertu frelsi sínu geti eigi spillt sakargögnum, að úrskurða kærða í gæsluvarðhald. Brot það, sem kærði er grunaður um, getur varðað hann fangelsisrefsingu samkvæmt XXVI. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Ákvæði 65. gr. stjórnarskrárinnar þykja því ekki standa gæsluvarðhaldinu í vegi.

Ákveðst gæsluvarðhaldstíminn allt að 30 dögum.

Úrskurðarorð:

Kærði, Bragi Ólafsson, sæti gæsluvarðhaldi í allt að 30 dögum.

Priðjudaginn 15. mars 1977.

Nr. 193/1974. Þverárhreppur

(Sigurður Ólason hrl.)

gegn

Benedikt Axelssyni

Þorkelshólshreppi

Sveinsstaðahreppi og

Áshreppi

(Páll S. Pálsson hrl.).

Synjað um innsetningargerð. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Ármann, Snævarr, Björn Sveinbjörnsson, Logi Einarsson og Þór Vilhjálmsson.

Jón Ísberg sýslumaður hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 8. nóvember 1974. Krefst hann þess, að hinum áfrýjaða úrskurði verði